

55. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn föstudaginn 23. nóv. 2007 kl.12 -13 í Tæknigarði.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Helga Tuliníus,

Ingibjörg Guðlaugsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Bjarni Reykr Kristjánsson og Ragna Karlsdóttir.

Fundargerð síðasta fundar 24. okt 2007

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Beiðni um fjárhagsstyrk frá Sigríði Baldursdóttur

Sigríður Baldursdóttir, verður í CLF í þrjár vikur eftir áramótin og gerir úttekt á stöðu mála eins og námskeiðunum sem eru haldin fyrir ungar stúlkur og á smálaánasjóðnum. Hún sækir um styrk til okkar til að greiða fyrir gistingu þennan umrædda tíma að upphæð kr. 20.000,-. Þar sem hún er að vinna í okkar þágu og vitað er að beinn kostnaður verður mun hærrí en þessi upphæð t.d. vegna ferða og upphalds var samþykkt að veita henni kr. 50.000,- í styrk.

Kertasala í Kringlunni 1. des.

Rúmlega 700 kerti voru búin til heima hjá Rögnu 17. nóv., á síðan að selja þau í Kringlunni laugardaginn 1. des.. Hildur ásamt sex öðrum ætla að setja kertin og miða með nafni félagsins í glæran plastpoka og binda síðan fyrir. Miðarnir eru tilbúnir. Hún ætlar einnig að skrifa til félagsmanna og biðja þá um að hjálpa til við að selja kertin þann 1. des. Tvo til þrjá þarf til að standa þarna í Kringlunni í einu, í eina til tvær klukkustundir í senn. Tímalengdin ræðst svolítið af þeim fjölda sem tekur þátt. Kringlan verður opin kl. 10 – 18 þennan umrædda dag. Hildur ætlar að búa til tímaplan yfir þá sem taka þátt, en sjálf ætlar hún að vera til staðar allan daginn. Ragna og Brynja hjá ISOR ætla að útbúa plakatið. María ætlar að athuga með borð, dúk og stóla og hvort kveikja megi á kertum.

Rafræn aðventu- og jólakveðja

Búið er að senda bréf til allra félagsmanna tvisvar sinnum og þeir beðnir um að láta vita um fyrirtæki sem gæti hugsað sér að vera með rafrænar kveðjur í stað hefðbundinna jólakorta. Helga er búin að senda sínu fyrirtæki fyrirspurn og María tveimur fyrirtækjum. Sigurlaug ætlar að kann eitt fyrirtæki aftur. María ætlar að senda fyrirspurn til Orkuveitunnar og biðja Gest um að fylgja því eftir. Þar sem einungis hefur komið jákvætt svar frá einu fyrirtæki var ákveðið að senda félagsmönnum aftur bréf

með stuttri og skorinorðinni orðsendingu um þátttöku. Ákveðið að senda þakkir til styrktaraðila strax, síðan aftur á aðalfundi.

16 daga átakið

Ætlum að setja meiri upplýsingar um 16 daga átakið inn á heimasíðuna okkar. Verið er að gera aðgerðaáætlun fyrir alla dagana sem einnig verður sett þar inn. Sigurlaug og stundum Ingibjörg og Hildur líka, hafa setið alla þá fundi sem Mannréttindastofa hefur boðað til með öllum þeim félögum og samtökum sem standa fyrir áttakinu. Grein á okkar vegum sem tengist ástandinu í Norður-Uganda og fjáröflun okkar verður birt í Morgunblaðinu 1. des., sama dag og kertasalan í Kringlunni. Einnig er reynt að fá inn pening með rafrænu jólakveðjunum.

Heimasíða Alnæmisbarna – staða mála

Erum sammála því að heimasíða okkar þurfi verulega andlitsupplýftingu áður en kemur að 16 daga áttakinu og okkar eigin fjáröflun 1. des. Eftir mikla umræðu hvernig hægt væri að standa þannig að verki, fékk Hildur bróður sinn Ragnar til þess að uppfæra hana í samstarfi við Bjarna okkar. Ætla þeir að hittast fljótlega til þess að gera bragarbót á þessu.

Önnur mál

María fer til náms í Bretlandi jan. – mars 2008 og tekur Hildur, sem er varaformaður í dag, við formannsembættinu á meðan.

Skoða á hvort hægt sé að heimsækja CLF í Úganda í mars eftir að María kemur heim aftur eða jafnvel fyrr á árinu. Spurning hverjir fleiri ættu að fara út.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar